Kópavogskaupstaður annars vegar og Olíuverzlun Íslands hf., hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna fyrirhugaðrar úthlutunar benzínstöðvar úr landi Lundar, Kópavogi:

Kópavogskaupstaður skuldbindur sig til að úthluta Olíuverzlun Íslands hf., lóð undir benzínstöð úr landi Lundar við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Nýbýlavegar. Um stærð og legu landsins fer eftir ákvörðun skipulagsnefndar frá 11. marz 1970.

Til að leysa kvaðir af landi þessu þarf Kópavogskaupstaður að láta fara fram eignarnám á leiguréttindum Geirs Gunnlaugssonar á landinu. Skuldbindur Olíuverzlun Íslands hf. sig til að greiða Kópavogskaupstað eignarnámsmatsverð að 7752 $m^2$ landspildu samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti, strax og mat liggur fyrir. Jafnframt greiði Olíuverzlun allan kostnað við matið þ.m.t. lögfræðikostnað kaupstaðarins.

Verði Kópavogskaupstaður skyldaður til að kaupa allt land Lundar vegna hinnar fyrirhuguðu landtöku mun kaupstaðurinn hætta við landtökuna. Fellur samningur þessi þá úr gildi að öllu leyti og á hvorugur aðila þá neins kyns bótarétt á hendur hinum.

Þegar kvaðir hafa verið leystar af landspildunni úthlutar Kópavogskaupstaður Olíuverzlun Íslands landinu með venjulegum úthlutunarskilmálum og ber t.d. að greiða gatnagerðargjöld af byggingum á lóðinni samkvæmt venjulegum reglum.

Aðilar eru sammála um, að Kópavogskaupstaður skuli eigi bera fram kröfur um að fá landspildu þessa í sínar hendur gegn tryggingu.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir bæjarþingi Kópavogs án undangenginnarsáttaumleitana.

Staðfestum ofanskráð með nafnritan vorri í votta viðurvist.

Kópavogi, 8/10 1974.

F.h. Olíuverzlunar Íslands hf.

F.h. Kópavogskaupstaðar,

Vottar: Emilía J. Baldvins
Jóhanna Bjarnadóttir

Skjal sótt af '000000000000' dags: 12.11 2026